



Efnahags- og fjármálaráðuneytið
Samráðsgátt

Reykjavík, 19. apríl 2021

Efni: Athugasemdir við tæknilega kröfulýsingu rafrænna þinglýsinga, mál nr. 71/2021

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) fagna því að í samráðsgátt stjórnvalda liggja fyrir drög að tæknilegri kröfulýsingu rafrænna þinglýsinga og þakka um leið fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum um kröfulýsinguna.

SFF gera athugasemdir við kröfulýsinguna sem lúta að eftirfarandi:

Athugasemdir við kafla 1.2.1

1. Gerð er athugasemd við að XML skeyti þurfi að vera innsiglað af þinglýsingarbeiðanda áður en það er sent til villuprófunar í þinglýsingarkerfi. Hentugra væri að innsíglun eigi sér stað síðar í ferlinu þegar villuprófun er lokið.
2. Gerð er athugasemd við að þinglýsingarbeiðandi eigi að skrá tímastimpil á skjalið skömmu eftir að það er undirritað. Í því sambandi verður ekki með góðu móti séð hvers vegna tímastimpill undirritunarinnar/undirritananna sjálfra dugi ekki.

Athugasemdir við kafla 1.2.4.

1. Í fyrri málsgrein kaflans er tekið fram að þinglýsingarbeiðandi skuli ekki staðfesta undirritun áður en skjal er sent til þinglýsingar með rafrænni færslu og að þinglýsingarbeiðandi skuli ekki búa til PAdES-B-LT eða PAdES-B-LTA undirskrift (langtíma undirskrift) eða styrkja undirskrift að því marki áður en skjöl eru send til þinglýsingar með rafrænni færslu. Þarna virðist sem sagt lagt bann við notkun langtíma undirritana. Að mati SFF er nær ómögulegt að varðveita undirritanir til lengri tíma nema um langtíma undirritanir sé að ræða. Því er lagt til að allar undirritanir og innsigli verði langtíma undirritanir. Slíkt er einnig mikilvægt til að geta sýnt

fram á að undirritun hafi verið gild á þeim tíma sem hún fór fram.

2. Í annarri málsgrein kaflans er öll ábyrgð á varðveislu undirskrifa lögð á þinglýsingarbeiðendur. Að mati SFF eru sýslumenn mun betur í stakk búnir til þess að varðveita undirskriftir til lengri tíma en þinglýsingarbeiðendur sem oft og tíðum búa ekki yfir viðeigandi tækni og búnaði til að varðveita undirskriftir með þessum hætti. Þannig verður ekki séð hvernig hinn almenni borgari eigi að geta þinglýst sjálfur með rafrænum hætti og varðveitt undirskriftir verði framangreint látið standa óbreytt. Að mati SFF er því hentugast að málsgreinin orðist svo:

„Sýslumönnum ber að varðveita undirritanir til lengri tíma. Varðveisla undirskrifa skal fara fram á viðeigandi formi til að tryggja áreiðanleika undirskriftar yfir lengri tíma.“

Til vara er farið fram á að öll málsgreinin verði felld niður.

F.h. SFF



Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur